

Leiðbeiningar um val og frágang útveggjaklæðninga m.t.t. brunavarna

Eftirfarandi leiðbeiningar eru teknar saman fyrir byggingarnefndir, hönnuði og aðra þá sem taka þurfa afstöðu til efnisvals á útveggi, hvort sem er veggj nýbyggingar eða klæðningar á eldri hús. Reglurnar eru byggðar á ákvæðum gr. 135.7 — 135.11 í byggingarreglugerð (nr. 441/1998) er varða brunaeiginleika útveggja.

Reglurnar eru lágmarksákvæði. Fyrir vissar byggingar (t.d. sjúkrahús) kunna að vera gerðar strangari kröfur. Reglunum er þó ekki ætlað að fyrirbyggja notkun annarra efna eða aðferða en hér er tilgreint ef sýnt er fram á með óyggjandi hætti að sambærilegu öryggi verði náð með öðru móti.

Efnisval

Val efna í veggj eða veggklæðningar er háð notkun og stærð húss. Efnisvalið getur einnig ráðist af fjarlægð húss frá lóðarmörkum eða öðrum húsum. Þetta er tekið saman í meðfylgjandi töflu.

Fyrir óloftaðar klæðningar gilda þeir hlutar töflunnar sem við eiga hverju sinni. Fyrir múrklæðningar er t.d. einvörðungu um ystu kápu og einangrun að ræða.

Brunamálastofnun ríkisins viðurkennir klæðningarplötur og -kerfi með takmörkunum sem kunna að vera aðrar en hér greinir. Gilda þá þeir fyrirvarar sem tilgreindir eru í viðurkenningarskjalinu.

Skilgreiningar

A-efni

er óbrennanlegt efni eða efni sem flokkast eftir DS 1065.2 sem efni í flokki A.

B-efni

er brennanlegt efni (t.d. timbur) sem flokkast eftir DS 1065.2 sem efni í flokki B.

Klæðning í flokki 1

er úr A-efni (eða lagskipt með yfirborðseiginleika A-efnis) og hindrar íkvikun í brennanlegu undirlagi í 10 mínútur við prófun. Flokkast skv. DS 1065.2.

Klæðning í flokki 2

er úr B-efni og hindrar íkvikun í brennanlegu undirlagi í 10 mínútur við prófun. Flokkast skv. DS 1065.2.

Tafla um efnisval útveggja

Einbýlishús (gr. 103) og einnar hæðar hús (gr. 104-116)			Önnur hús, tvær hæðir og hærri (gr. 104-116)			
	A.m.k. 5 m frá lóðarmörkum	4 til 5 m frá lóðarmörkum	3 til 4 m frá lóðarmörkum	2 hæðir og kjallari. A.m.k. 4 m frá lóðarmörkum	3 til 8 hæðir. A.m.k. 4 m frá lóðarmörkum	Hærri en 8 hæðir eða innan 4 m frá lóðarmörkum
Ysta kápa	B-efni	A-efni		A-efni. (Leyfa má allt að 20% B-efni með takmörkunum) *		A-efni
Listar í loftbili	B-efni			B-efni, mest 1,2 kg/m ²		A-efni
Vindvörn	Vindpappi		A-efni**	Vindpappi, mest 0,5 kg/m ²	A-efni**	A-efni
Grind	B-efni			B-efni	A-efni eða klætt af með klæðn. í fl. 1	
Einangrun	Óbrennanleg eða klædd af með klæðn. í flokki 1.		Óbrennanleg	Óbrennanleg eða klædd af með klæðn. í flokki 1 án holrúms og slitin sundur á hæðaskilum með B30 byggingarluta (t.d. 300 mm steinull, a.m.k. 30 kg/m ³)		Óbrennanleg

* Leyfa má að allt að 20% hvers veggflatar sé úr B-efni. Slíka fleti skal staðsetja þannig að þeir auki ekki hættu á útbreiðslu elds milli hæða (t.d. séu ekki yfir gluggum) og takmarka lóðrétt umfang þeirra við 50% á hverri hæð.

** Leyfa má pappu áfastan óbrennanlegri einangrun, mest 0,1 kg/m².

Dæmi:

	Uppbygging	Notkun
Múrklæðning á steiptan vegg	Steinullareinangrun og múrhúð	Ótakmörkuð notkun
Múrklæðning á steiptan vegg	Plasteinangrun og múrhúð	Mest 8 hæðir. Einangrun skal slíta á hæðaskilum sbr. að ofan.
Loftuð klæðning á steiptan vegg	Steinull í blikkgrind Útigifs 9 mm Állistar Járn- eða álklæðning	Ótakmörkuð notkun
Loftuð klæðning á steiptan vegg	Einangrun í trégrind Útigifs 9 mm Trélistar 28x45 c/c 600 Steind klæðning, viðurkennd	Mest 8 hæðir. Brennanlega einangrun skal slíta á hæðaskilum sbr. að ofan.
Loftuð klæðning á steiptan vegg	Steinull í trégrind Vindpappi Trélistar 28x45 c/c 600 Bárustál eða steind klæðning	Mest 2 hæðir og a.m.k. 4 m frá lóðarmörkum
Loftuð klæðning á steiptan vegg	Steinull m/áföstum pappa í trégrind Trélistar Steind klæðning, viðurkennd	Einbýlishús 3 m frá lóðarmörkum Önnur hús 4 m frá lóðarmörkum
Timburveggur eða timburklæðning á steiptan vegg	Steinull í trégrind Vindpappi Trélistar Timburklæðning	Einbýlishús og einnar hæðar hús a.m.k. 5 m frá lóðarmörkum
Léttur stálgrindarveggur	Steinull í tré- eða stálgrind Útigifs 9 mm Álklæðning	Iðnaðarhús (a.m.k. 4 m frá lóðarmörkum)
Klæðning á steiptan vegg	Plasteinangrun í trégrind Járnklæðning	Bönnuð nema plastið sé varið sbr. að ofan